



ÁRSSKÝRSLA 2015 - 2016 LEIKSKÓLINN ANDABÆR

LEIKUR – GLEÐI - VINÁTTA

Farið yfir það helsta í starfi Andabæjar skólaárið 2015 – 2016

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	1
Hugmyndafræði	2
Skólaárið	6
Starfsfólk	9
Nemendur	10
Foreldrasamstarf	11
Samstarf	12
Lokaorð	13

Almennar upplýsingar

LEIKSKÓLINN

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri í Borgarbyggð er þriggja deilda leikskóli og heita deildarnar Goðheimar, Álfheimar og Hulduheimar. Á leikskólanum eru 44 börn. Á elstu deildinni (Goðheimum) eru 19 börn, á mið deildinni (Álfheimum) eru 13 börn og á þeirri yngstu (Hulduheimum) eru 12 börn.

VIÐHALD/BREYTINGAR


Þörf var á viðhaldi bæði innanhúss og á lóð leikskólans sem ekki var farið í nema að allt tréverk, girðingar og leiktæki á lóð var fúavarið.

Þörf var á að laga niðurföll og dren á lóð vegna mikillar vatnssöfnunar. Færa ruslatunnuskýli sem staðsett er við svefnaðstöðu yngstu barnanna og veldur truflun á svefntíma. Mikil þörf er á málningarvinnu innanhús, bóna dúka og öðru viðhaldi.

Breytingar voru gerðar á netsambandi í skólanum sem nauðsinlegt var m.a. vegna fjölgunar á spjaldtölvum.

Hugmyndafræði

LEADER IN ME



Leikskólinn er að innleiða í starfið hugmyndafræðina „leiðtoginn í mér“. Leiðtoginn í mér er ferli sem byggir á rannsóknum um hvernig megi umbreyta menningu skólasamfélags til að efla félagslega færni nemenda, auka tilfinningagreind, auka færni í mannlegum samskiptum ásamt því að bæta námsárangur og virkja viljann til að taka þátt í leik og starfi.

Leiðtoginn í mér ferlið er byggt á 7 venjum til árangurs og skilar mikilvægum breytingum svo sem meiri námsárangri, minna einelti, færri agavandamálum og aukinni þátttöku kennara og foreldra. Leiðtoginn í mér hefur einnig haft mælanleg áhrif á starfsgleði, skilvirkari vinnubrögð starfsmanna og við að skapa öruggt og hvetjandi skólaumhverfi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín.

Unnið var með venjurnar 7 í þemastarfi 14 vikum fyrir leiðtogadaginn sem var haldinn 27. maí.

GRÆNFÁNINN

Umhverfisnefnd starfar við skólann og skipuleggur og stýrir verkefninu. Nefndin á að starfa samkvæmt lýðræðislegum leikreglum og nemendur eiga að hafa þar mikið vægi. Í umhverfisnefnd Andabæjar eru: Álfheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri Grænfánans og fulltrúi Álfheima, Hafdís fulltrúi Hulduheima, Aðalheiður fulltrúi Goðheima, Sandra fulltrúi eldhúss og ræstingar, Jóhannes Kristjánsson fulltrúi foreldra og Sigurður leikskólastjóri.

Samþykkt var á fundi umhverfisnefndar að velja eftirfarandi fimm markmið fyrir tímabilið 2015-2017:

- Skiptimarkaður fyrir föt
- Setja upp fuglahús á leikskólalóðinni
- Minnka mengun – hvetja fólk til að ganga í leikskólann og drepa á kyrrstæðum bílum, setja skilti á bílastæði
- Aukin moltugerð – tengja við leiðtogann í mér (moltuleiðtogi á elstu deild)
- Senda mánaðarlega fróðleiksmola um grænfánamarkmið og þemu á foreldra og staðarpóstlistann (tengist skrefi nr. 6 og beint inn á þemað)

Þann 26. október fengum við svo Grænfánann afhentan í 6 sinn og héldum við upp á daginn með því að bjóða til okkar gestum. Fulltrúar frá Landvernd komu og afhentu okkur fánan og foreldrar og aðrir gestir glöddust með okkur.



HEILSUSTEFNAN



Í Heilsustefnunni er lögð áhersla á hollt og fjölbreytt fæði þar sem markmiðið er að auka grænmetis og ávaxtaneyslu barna. Boðið er upp á ferskmeti þar sem matur er unninn á staðnum og lögð áhersla á að nota harða fitu, salt og sykur í hófi. Við samsetningu matseðla er tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna.

Börn í heilsuleikskóla fá skipulagðar hreyfistundir 1 – 2 sinnum í viku. Þessar stundir eru skipulagðar fyrirfram þar sem markmiðið er að auka samhæfingu, jafnvægi, kraft og þor barnanna. Leitast er eftir að hreyfingin sé framkvæmd á sem fjölbreyttastan hátt við ólíkar aðstæður. Skapandi vinna lýtur að alhliða þroska barna, þau æfast í samhæfingu handa og augna, öðlast sjálfstraust og læra að nota eigið hugvit. Börnin öðlast færni í að koma hugmyndum sínum á framfæri í máli, myndum, söng og leikrænni tjáningu.

Við upphaf leikskólagöngu fær hvert barn Heilsubók barnsins, sem er skráning á þroska og færni þess í tengslum við markmið Heilsustefnunnar. Hún hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi t.d. heilsufar, hæð og þyngd, lífsleikni, úthald, þekkingu á litum og formum, hreyfifærni, næringu og svefn og færni í sköpun. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum.

LEIKURINN

Einkunnarorð leikskólans eru **“Leikur – gleði – vinátta”** og eru þau rauður þráður í leikskólastarfinu og höfð að leiðarljósi við gerð dagskipulags. Markmið leikskólastarfs á Andabæ er að efla gleði og vináttu barnanna með áherslu á leikinn.

Leikurinn er lífstjáning barnsins og gleðigjafi því barnið nýtur leiks í ríkum mæli og tjáir oft dýpstu kenndir sínar í honum. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar því í leik lærir barn margt sem enginn getur kennt því. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn “leikur leikjanna”.

Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna, auk þess sem barnið tjáir og fær útrás fyrir tilfinningar sínar í leiknum. Leikurinn er því í öndvegi í Andabæ og er gefinn góður tími í dagskipulagi.

KÖNNUNARLEIKUR

Könnunarleikurinn fór fram þennan veturinn á öllum deildum. Öll börnin fóru í Könnunarleik nema tveir elstu árgangarnir. Börnunum er skipt í hópa og voru ca. 5 börn í hóp. Sami starfsmaður fylgdi hópnum allann veturinn. Könnunarleikurinn fer þannig fram að safnað hefur verið saman í körfur alls konar “verðlausum” hlutum, ekki hefðbundnum leikföngum sem keypt eru úti í búð. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykjar, dósir og lok. Eftir að hlutum þokans hefur verið raðað á gólfíð hefst leikurinn. Börnin velja sér hluti og nota þá á margan hátt. Þau fylla, tæma, setja saman, stafla, raða, draga, hrista, velja og hafna. Þau leika sér ótrufluð án fyriræla frá hinum fullorðna. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Engin niðurstaða er rétt eða röng. Í leiknum örva þau skynfæri sín með því að hlusta, snerta, skoða og smakka. Einnig reyna þau á gróf- og fínhyfingar. Tíminn sem er notaður í tiltekt er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Þá lærir meðal annars að í tiltekt felast ákveðin verklok. Börnin leika sér án afskipta fullorðinna. Þeir eru þó ætíð til staðar en skipta sér ekki af leik barnanna, nema nauðsyn beri til.

KUBBAR/ OPINN EFNIVIÐUR

Holukubbar eru 6 tegundir af stórum kubbum en einingarkubbarnir eru smærri. eru þessar tvær tegundir af kubbum dæmi um opin efnivið sem börnin geta notast við og nálgast án aðkomu kennara. Einingakubbar og holukubbar voru vel nýttir á öllum deildum, þó kannski síst yngstu deildinni vegna ungs aldurs barna þar. Við erum með kubba herbergi sem allar deildarnar skiptast á að nota og hefur það reynst vel. Í þessu kubbaberbergi eru Holukubbarnir staðsettir og notaðir og fá byggingarnar að standa fram á næsta dag þannig að hægt er að halda áfram með leikinn. Einingakubbarnir eru staðsettir í holi fram á gangi og eru nýttir þar og er þeim líka rúllað inn á elstu deildina þar sem þeir eru notaðir.



MAT Á STARFINU

Leikskólapúlsinn

Könnun á viðhorfum starfsmanna til starfsins var gerð af Skólapúlsinum í febrúar 2016 og verða niðurstöður nýttar fyrir úrbótaáætlun 2016 – 2017 og starfsáætlun næsta skólaárs.

Barnið í brennidepli

Við mat á skólastarfinu er stuðst við matstækið „Barnið í brennidepli“ sem er tæki sem nýtist til aðstoðar við að meta alla þætti skólastarfsins. Notast var við gátlista bls. 52 - 54 til að meta starfið. Gátlistinn skiptist í 7 lykilþætti með einum til fimm árangursvísum sem greinast svo með einni til fjórum kjarnaspurningum. Skólastjóri stýrði vinnunni en svaraði ekki spurningalista. Fóru starfsmenn saman yfir gátlistann til að tryggja sameiginlegan skilning á spurningum og hugtökum hvers kjarna en hver starfsmaður gaf svo stig samkvæmt fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Hverri kjarnaspurningu var gefið 1 – 4 stig þar sem 4 stig teljast miklir styrkleikar, 3 stig fleiri styrkleikar en veikleikar, 2 stig nokkrir áberandi veikleikar og 1 stig miklir veikleikar.

Sameiginlega var ákveðið að þeim kjarnaspurningum sem fá 2,7 stig að meðaltali eða minna skal skoða betur finna veikleikana og gera umbótaáætlun. Einnig skal veita þeim kjörnum sem fá á bilinu 2,7 – 3,0 stig athygli og gera umbótaáætlun. Kjarnar sem fara yfir 3 stig teljum við að séu í lagi en fylgjast þarf með og meta aftur til að tryggja að gæði haldist. Skólastjóri tók saman stigagjöfina og reiknar meðaltal hvers kjarna og lykilþátt fyrir sig. Auk þess notar leikskólinn matskerfið Skólapúlsinn.

Þau atrið sem fengu slaka útkomu í innramati “Barnið í brennidepli” eru:

- Samræming skólanámskráargerðar við Aðalnámskrá
- Samræming í uppeldisstarfinu
- Þarfagreining vegna íhlutunar
- Notkun utanaðkomandi leiðbeininga og aðstoðar
- Skilvirkni áætlana (einstaklings)
- Framkvæmd lagasetninga v/barna með sérþarfir
- Þátttaka starfsfólks í sjálfsmati leikskólans

Taka þarf þá þætti sem þarfnast úrbóta út úr þessu skjali og skoða betur, finna veikleika og hvernig við getum styrkt þá.

Umræður um spurningar og svörun á þeim fóru fram á deildarfundum. Allar deildir fá 15 kjarnaspurningar til að ræða og meta:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Út frá svörum starfsmanna var gerð áætlun sem tengist úrbótaáætlun vegna ytra mats menntamálaráðuneytis.

Skólaárið

STARFSÁÆTLUN

Gerð starfsáætlunar lauk í nóvember og er í formi reiknilfkans sem áætlar starfsmannþörf út frá barnafjölda og aldri barnanna, eikskóladagatali þar sem fram koma helstu viðburðir og fundir og starfsáætlunar sem skilað er inn til fræðslustjóra. Starfsáætlun og leikskóladagatal er fyrir allar deildir skólans og byggist á Aðalnámskrá leikskóla, ásamt venjum og þjóðlegum hefðum. Meðal þess sem unnið er með eru: tannvernd, þorranum, 17.júní, jólum, áramótum o.m.fl.

Deildarstjóri elstu deildar sér um að skipuleggja samstarf við Hvanneyrardeild GBF og setur upp áætlun í byrjun skólaárs. Deildarstjórar setja upp áætlun mánaðarlega með viðburðum mánaðarins.

PRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF

Mikil vinna fer í að viðhalda öllu því góða starfi sem unnið hefur verið hér í Andabæ og lítum svo á að verkefnið leiðtoga í mér sé okkar stærsta og fyrirferðarmesta þróunar- nýbreytnistarf. Verkefninu var gefið meira rými með því að lengja þemavinnuna fyrir leiðtogadaginn úr 7 í 14 vikur.

FERÐIR OG MENNING

Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað; það að gera sér dagamun.

AFMÆLI BARNANNA

Afmæli barnanna eru stór dagur í lífi þeirra. Þegar barn á afmæli í leikskólanum er íslenski fáninn sýnilegur til hátíðarbrigða því þetta er þeirra dagur. Lagt verður upp úr því að afmælisbarnið fái mikla athygli, það fái t.d. að velja tónlist sem við hlustum á, velji bækur í sögustund, barnið velur sér einnig glas og diskamottu með fallegum myndum. Á Goðheimum er barninu boðið að velja það sem er í hádegismat þann daginn.



Sameiginleg afmælissöngstund er haldin einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eiga afmæli í viðkomandi mánuði. Hvert og eitt afmælisbarn er þá kallað upp og fær það kórónu sem er í eigu leikskólans og er afmælissöngurinn sunginn fyrir hvern og einn. Að því loknu eru sameiginlegar veitingar fyrir alla, t.d. heimabakaðar kökur, ávextir eða annað góðgæti.

Búin er til kóróna handa afmælisbarninu sem sett er upp á afmælisdegi barnsins og það fær þá kórónu til eignar. Ekki er leyfilegt að setja afmælisboðskort í hólfi barnanna nema allri deildinni sé boðið. Á haustin er gerð símaskrá sem foreldrar fá með sér heim og þannig er hægt að ná sambandi við foreldra utan leikskólafíma.

ANDABÆR 2015 - 2016

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU 16. NÓVEMBER

Í Andabæ hefur hefð skapast í kringum þennan dag. Börnunum í 1 og 2 bekk í Grunnskóla Borgarfjarðar á Hvanneyri var boðið til okkar kl. 10:00 þennan dag. Allar deildar fundu sér lag eftir íslenskan höfund og hittust allir í salnum og fluttu það fyrir hópinn og einnig buðu grunnskólabörnin okkur upp á ljóðaflutning og söng. Þetta tókst ljómandi vel.



JÓLAHEFÐIR

Börnin skreyttu piparkökur sem þau buðu foreldrum sínum upp á í aðventukaffi. Skömmu fyrir jól voru haldin litlu jólin og var þá dansað í kringum jólatré, jólasveinar komu í heimsókn og gáfu gjafir sem kostaður var af foreldrafélaginu. Að lokum var hangikjötsmáltíð með tilheyrandi meðlæti og laufabrauði sem börnin höfðu skorið sjálf út.

PORRAMATUR

Á þorranum var boðið upp á eina þorramáltíð í hádeginu og var þá framreiddur venjulegur þorramatur. Börnin voru hvött til að smakka á öllu. Allir borðuðu saman í salnum og tókst það mjög vel.



BOLLUDAGUR, SPRENGIDAGUR, ÖSKUDAGUR

Börnin bjuggu til bolluvendi og boðið var upp á kjöt- eða fiskibollur í hádeginu á bolludag og rjómaþellur í nónhressingu. Á sprengidag var hefðbundinn sprengidagsmatur, saltkjöt og baunir. Á öskudag var grímuball í leikskólanum, allir sem vilja máttu koma í grímubúningi og gengið var á milli fyrirtækja og stofnana á Hvanneyri og sungið fyrir starfsfólk.

ÚTSKRIFT ELSTU BARNA

13. maí fóru elstu börnin með rútu í ævintýraferð í Vatnaskóg þar sem starfsfólk þar tók á móti barnahópnum. Ferðin var að hluta kostuð af leikskólanum, foreldrafélaginu og foreldrum hvers barns. Hefð hefur skapast fyrir því að útskriftarárgangur úr Hnoðrabóli í Reykholtssdal og Klettaborg í Borgarnesi sláist í för með börnunum héðan og hefur það verið hin besta skemmtun.

2. júní var útskriftarathöfn þar sem börnin fengu afhenta bók með samantekt af leikskólagöngu þeirra frá upphafi skólagöngu og rós í viðurvist foreldra þeirra. Börnin sýndu foreldrum sínum leikrit sem þau höfðu samið sjálf. Síðan var boðið upp á vöffur og rjóma. Gekk þetta mjög vel.

LEIÐTOGADAGUR

Þann 27. Maí var Leiðtogadagur hjá okkur. Þar sýndu leiðtogarnir í Andabæ hvernig þeir hafa verið að vinna með venjurnar 7 um veturinn og þjálfar leiðtogafærni sýna út frá hugmyndafræði leiðtogans í

ANDABÆR 2015 - 2016

mér. Leiðtogadagurinn er barnanna, þau hafa öll sín leiðtogahlutverk. Þau tóku á móti gestum, voru með uppákomu í salnum, elstu börnin, ásamt yngri leiðtogum leiddu gesti um leikskólann og sýndu þeim það sem við erum að gera. Í lokin buðu börnin gestum upp á veitingar sem þau höfðu bakað.

SKÓLAHÓPUR

Þegar elstu börnin hefja sinn síðasta vetur í leikskólanum fara þau í svokallaðan „skólahóp“. Á þessum aldri hefur barnið náð mikilli færni í flestum þroskaþáttum. Það á orðið auðvelt með að vinna með öðrum, taka tillit til annarra og tjá skoðanir sínar og langanir. Það er fullt af orku og athafnaþrá og hefur þörf fyrir að vinna með meiri krefjandi verkefni. Hugmyndin með skólahópnum er að mæta þessari þörf barnsins. Unnið var með ýmis skólaverkefni, m.a. ljósrituð blöð úr kennsluefni yngstu bekkja. Einnig notuðum við kennsluefnið Kátt er í kynjadal og efni tengt hljóðkerfisvitund. Börnin sem voru 5 í vetur fóru einnig í heimsókn í grunnskólann einu sinni í mánuði þar sem þau fengu að taka þátt í mismunandi kennslustundum með grunnskólabörnunum og kynnast skólafarfinu sem auðveldar þeim fluttninginn yfir í grunnskóla.



SUMARHÁTÍÐ

Foreldrafélagið var með sumarhátíð í leikskólanum þann 18. júní. Hátíðin hefur verið haldin í lok leikskóladags en núna vorum við með hátíðina á leikskólatíma, eða klukkan 14:00. Boðið var upp á hoppukastal, fjör og pylsur á eftir. Foreldrafélagið gaf leikskólanum tvö hjól sem við nýtum vel á leikskólanum.

Starfsfólk

STÖÐUGILDI

Í desember 2015 voru 15 starfsmenn í 14,29 stöðugildum við skólann auk ræstingar. Menntun starfsmanna er sem hér segir: sex leikskólakennarar, íþróttfræðingur, tveir með aðra háskólamenntun og sex ófaglærðir starfsmenn.

FUNDIR

Starfsmannafundir voru 5 á starfsárinu og voru þeir nýttir til að skerpa á áhersluatriðum, skipuleggja starfið. Deildarstjórar ásamt leikskólastjóra funduðu vikulega og deildarfundir voru skipulagðir á 3 vikna fresti.

STARFSÞRÓUN

Tveir starfsmenn eru í framhaldsnámi og fá til þess stuðning frá leikskólanum í formi launa í fjarverum vegna staðlota. Þriðji starfsmaðurinn sem er í framhaldsnámi og hefur verið í launalausum leyfi frá störfum lýkur sínu námi í sérkennslufræðum og kemur aftur til starfa á næsta skólaári. Starfsmannafundir og starfsdagar voru nýttir til starfsþróunar, endurmats, undirbúnings og áætlanagerðar.

Starfsmenn skólans sóttu ýmiskonar námskeið og fundi á starfsárinu:

- Allir fóru á leiðtoganámskeið (Leader in me)
- Námskeið í notkun á málörvunarefninu Lubbi
- Þrír starfsmenn sóttu námskeið í notkun TRAS málþroskaskimunar
- Kynning vegna Erasmus verkefna
- Sérkennslustjóri fór á AEPS námskeið
- tveir starfsmenn fóru á námskeið um framburð
- Þrír starfsmenn fóru á námskeið um skipulag kennslu á deild fyrir nemendur með sérþarfir
- 2 nemendur og foreldri tóku þátt í úttekt evrópumiðstöðvar á skólum Borgarbyggðar
- Sex starfsmenn fóru á námskeið um hljóðkerfisvitund
- Allir starfsmenn fengu námskeið í notkun á aðferðarfræðinni tákni með tali
- Tókum þátt í undirbúningsfundum og námskeiði vegna þróunarverkefnis um nýsköpunarmennt "Hugarflug"
- Farið var á námskeið fyrir matráða í Heilsustefnunni

Nemendur

FJÖLDI

Desember 2015 voru 44 börn skráð í leikskólann. Í töflunni hér að neðan er hægt að sjá fjölda nemenda í árgöngum og dvalartíma.

ÁRGANGUR:	7 KLST.	7,5 KLST.	8 KLST.	8,25 KLST.	8,5 KLST.
2010		1	1		3
2011		1	2	3	2
2012	2		5		1
2013	2		9	1	1
2014	1		7	1	1
2015	1				

SÉRKENNSLA

Sérkennslustjóri í 25% starfi sá einnig um sérkennslu í samstarfi við starfsfólk deilda. Áhersla var lögð á einstaklingsstuðning fyrir áramót. Eftir áramót var lögð meiri áhersla á að styðja við og þjálfa nemendur sem þess þurftu inni á deild í barnahópnum. Verkefni voru á svið málþroska, framburðar og hegðunar auk CP og einhverfu.

Foreldrasamstarf

ÁHERSLUR OG MARKMIÐ

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Foreldrum er ávallt velkomið koma í heimsókn í leikskólann. Við komu og brottför barns í og úr leikskóla er mikilvægt að tími gefist til samskipta um líðan barnanna.

FORELDRAVIÐTÖL

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum viðtal tvisvar sinnum á ári og oftast ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum út frá heilsubók barnsins. Þessi viðtöl voru tekin í nóvember og apríl.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólanum og því er það hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Foreldrafélagið er skipað 3 foreldrum auk þess sem einn fulltrúi leikskólans situr fundi félagsins. Skemmtisjóður er starfræktur og hafa foreldrar greitt í hann 3000 kr. á ári. Peningarnir hafa verið notaðir til að fá skemmtiatriði á sumarhátíð, leikrit o.fl. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn að hausti og valið í nýja stjórn og félagið auk þess kynnt fyrir nýjum foreldrum.

Samstarf

SKÓLASKRIFSTOFA

Fundir leikskólastjóra allra leikskóla Borgarbyggðar með fræðslustjóra eru haldnir reglulega yfir veturinn.

Fundir sérkennslustjóra allra leikskóla Borgarbyggðar eru haldnir reglulega yfir veturinn.

GBF

Í maí 2009 gerðu öll skólastig á Hvanneyri með sér samstarfssamning. Tókst vel að framfylgja samningnum milli leikskólans og grunnskólans í vetur.

Í september kom 1 og 2 bekkur í heimsókn til okkar og léku allir sér saman. Í nóvember og febrúar vorum við með vinahópa. Á degi íslenskrar tungu kom 1 og 2 bekkur í heimsókn, sýndu okkur atriði í salnum og allar deildar einnig. Í Desember kom 4 bekkur í heimsókn og las jólasögur fyrir leikskólabörnin og skólahópur tók þátt í Helgileiknum í kirkjunni með grunnskólanum eins og undanfarin ár. Í janúar forum við með grunnskólanum í Álfagöngu í Skjólbeltin þar sem kveikt var í jólatrjánum okkar og sungin þrettándalög. Einnig kom 3 bekkur í heimsókn til okkar í janúar og las sögur fyrir börnin í litlum hópum. Í mars kom svo 1 og 2 bekkur til okkar og var pússlað og spilað. Okkur var boðið á generalprufu grunnskólans fyrir árhátíðina.

LBHÍ

Ekki tókst nógu vel að framfylgja samningnum á milli leikskólans og háskólans. Við fórum í fjósið og hittum kýrnar.

NEMAR

Einn nemi í framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum frá HÍ var í vettvangsnámi hér í Andabæ.

Lokaorð

Undirritaður tók við starfi leikskólastjóra í október 2015 eftir svolítið rót á stjórnun leikskólans mánuðina áður. Stór verkefni bíða eftir að menntamálaráðuneyti gerði úttekt á starfi leikskólans og gerð var aðgerðaráætlun vegna þess sem unnin verður næsta árið.

Mikill órói myndaðist í samfélaginu á Hvanneyri vegna ákvörðunar um samreksturs leik- og grunnskóla. Fundu allir fyrir því að ekki hafði myndast samstaða um verkefnið og því var verkefninu frestað um eitt ár.

Myndaður var samstarfshópur með fulltrúum allra aðila sem koma að skólasterfinu auk fulltrúa frá íbúasamtökum Hvanneyrar til að skoða alla kosti sem eru í stöðunni.

Leikskólinn Andabær er vel mannaður af reynslumiklu starfsfólki og fagfólki með mikinn metnað sem mun klára þau verkefni sem framundan eru með sóma.

Hvanneyri ,9. september 2016

Sigurður Sigurjónsson

Leikskólastjóri

ANDABÆR 2015 - 2016

LEIKSKÓLINN ANDABÆR

Sigurður Sigurjónsson

Leikskólastjóri

sigurdurs@borgarbyggd.is

Sími 433 7170

www.andabaer.is